

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Hafnarstræti norðan Kaupvangsstrætis og suðurhluti Ráðhústorgs verða vistgata og gilda því ákvæði 7. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um alla umferð í götunni. Einstefnuakstur er heimilaður um Hafnarstræti til norðurs frá Kaupvangsstræti að Ráðhústorgi og þaðan austur Ráðhústorg, sunnan torgsins, að Skipagötu. Umferð norðan og vestan Ráðhústorgs er einungis heimil fötluðum svo og vegna vörulósunar og skal aðkoma vera frá Skipagötu og brottakstur um Brekkugötu.

Þrjú bifreiðastæði verða framan við Hafnarstræti 99-101 og verða tvö þeirra merkt fyrir fatlaða en eitt fyrir gesti heilsugæslustöðvar og önnur þrjú verða framan við Hafnarstræti 107 og verða tvö merkt fyrir fatlaða en eitt almennt með 10 mínútna hámarksstöðutíma.

Ákvörðun þessi er tímabundin og gildir frá 15. janúar 1997 til 30. maí 1997.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 3. janúar 1997.*

**Björn Jósef Arnviðarson.**

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu á Neskaupstað árið 1997.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald 4.500 kr. á hvert sorpílát.

Sorpeyðingargjald 3.500 kr. á hvert sorpílát.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að gilda fyrir árið 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*